


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>Listir menning LIM 203</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

**Kennari** Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is, viðtalstími þriðjudaga 11:20-12:00

## Áfangalýsing

Nemandinn kynnir sér menningarumhverfi eigin samtíma. Farið verður í skilgreiningar á algengum hugtökum í menningarumræðu samtímans og ólík viðhorf sem birtast í þeirri umræðu kynnt. Námið byggist á virkri þátttöku nemandans og frumkvæði þar sem hann kynnist því sem er að gerast í menningarlífinu, metur það út frá eigin forsendum og fjallar um í hópi samnemenda. Hlutverk kennarans er að aðstoða nemendur við undirbúning og úrvinnslu athugana sinna og tengja þær við hugmyndafræði og menningarsögu.

## Markmið

Að nememandinn...


- skoði og skilgreini listir og menningu líðandi stundar
- geti kynnt athuganir sínar og niðurstöður á skilmerkilegan og fjölbreytilegan hátt
- geti tekið virkan þátt í umræðu um listir og menningu
- geti lagt mat á eigin upplifanir og borið saman við ólík viðhorf
- geti greint, borið saman, og gagnrýnt hönnun, listviðburði, lífsstíl eða fjölmiðla í samtímanum
- geti fjallað um stöðu listar og hönnunar út frá menningar- og sögulegu samhengi
- geti fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðsskap, nýjar stefnur og lífsstíl
- geti rætt fagurfræðileg og táknfræðileg álitamál og áttað sig á möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun


## Námslýsing

Fjallað er um efnið með fyrirlestrum, vettvangsferðum, umræðum og verkefnavinnu. Nemendur vinna sem einstaklingar og í hópum. Gestafyrirlesarar fjalla um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum. Verkefnavinna, gestafyrirlestrar og ýmislegt það sem vekur athygli nemenda og kennara og tengist viðfangsefnum áfangans verður til umræðu í tímum og leitast verður við að skapa rökræður um viðfangsefnin. Mikið er lagt upp úr opinni og rannsakandi umræðu og því nauðsynlegt að sýna hvert öðru virðingu og vera virkur.

## Úrklippubók

Nemandinn býr til úrklippubók þar sem hann safnar saman ýmsu menningar-tengdu efni úr fjölmiðlum og víðar sem



Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>Listir menning LIM 203 Kennsluáætlun vor 2012</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

vekur áhuga hans og skrifar um það athugasemdir eða setur fram á annan þann hátt sem hann kys. Nemandinn getur unnið á myndrænan hátt, gert klippimyndir eða bara límt inn aðgangs-miða, nammibréf eða hvað sem honum finnst sýna samtímann. Eigin þælingar um listir og menningu okkar tíma. Hvernig birtast listir og menning í ykkar lífi? Hvaða myndir horfið þið á? Hvað finnst ykkur merkilegt, skemmtilegt, asnalegt, fyndið, hættulegt o.s.frv? .....og af hverju? Í úrklippubókina vinna nemendur einnig ákveðin viðfangsefni sem kennari setur fyrir. Hver nemandi hannar sína bók á persónulegan hátt. Hún má vera í rafrænu formi.

**Innkaup** Úrklippubók og leikhúsmiði.


### Námsmat

Allt framlag nemenda metið, verkefnavinna og umræður með sérstaka áherlsu á persónulega og rökstudda sýn. Próflaus áfangi, 100% mætingarskylda. Skrifleg verkefni 40/45%. Úrklippubók og tímaverkefni 30/35%. Virkni, þátttaka í atburðum og umræðum, ástundun 20%. Mæting 5%

*Með fyrirvara um breytingar*


*Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar*

**...hvernig lítur hann eiginlega út þessi nútími...**



**...er hann eitthvað öðruvísi en aðrir nútímar...**

## Gangi ykkur vel

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>Listir menning LIM 203</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

**Dagsetning:**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils